



MOLDUN

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.  
Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson



BLESSUN

EFTIRSPIL

Ísland er land þitt

Magnús Þór Sigmundsson / Margrét Jónsdóttir

Prestur: Sr. Haraldur M. Kristjánsson

Organisti: Guðjón Halldór Óskarsson

Einsöngur: Páll Rósinkranz

Kór: Öðlingarnir

Umsjón útfarar: Sólsetur, Kristinn G. Garðarsson

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda vináttu og hlýhug.  
Aðstandendur bjóða viðstöddum að þiggja  
veitingar í Fossbúð að athöfn lokinni

Jarðsett er í Eyvindarhólakirkjugarði

Útvarpssending frá athöfninni er á fm107



Lilja Sigurgeirsdóttir

Fædd 16. september 1929

Dáin 30. mars 2024



Útför frá Eyvindarhólakirkju  
laugardaginn 20. apríl 2024

## FORSPIL

### Nú legg ég augun aftur

Foersom-Sveinbjörn Egilsson

## BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Villist ég vinum frá  
vegmóður einn,  
köld nóttin kringum mig,  
koddi minn steinn,  
heilög skal heimvon mín.  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Árla ég aftur rís  
ungur af beð.  
Guðs hús á grýttri braut  
gláður ég hleð.  
Hver og ein hörmung mín  
hefur mig, Guð til þín,  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Adams / Matthías Jochumsson / L. Mason

## RITNINGARLESTUR

Undir háu hamra belti  
höfði drúpir lítil rós.  
Þráir lífsins vængja víddir  
vorsins yl og sólarljós.

Ég held ég skynji hug þinn allan  
hjartasláttinn rósinn mín.  
Er kristallstærir daggardropar  
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu  
lengi vel um þennan stað,  
krjúpa niður kyssa blómið  
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað  
yndislega rósinn mín.  
Eitt er það sem aldrei gleymist,  
aldrei það er minning þín.

Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson

## RITNINGARLESTUR

Hún bar þig í heiminn og hjúfraði að sér.  
Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.  
Hún ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.  
Hún er íslenska konan sem ól þig og þér helgar sitt líf.

Með landnemum sigldi hún um svarrandi haf.  
Hún sefaði harma, hún vakti er hún svaf.  
Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.  
Hún var íslenska konan sem allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún var ambáttin hljóð  
hún var ástkona rjóð  
hún var amma svo fróð.

Ó, athvarf umrenningsins  
inntak hjálpræðisins  
líkn frá kyni til kyns.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.  
Hún hjúkraði og stritaði gleðisnauð ár  
Hún enn í dag fórna sér endalaust má.  
Hún er íslenska konan sem gefur þér allt sem hún á.

Ó, hún er brúður sem skín  
Hún er barnsmóðir þín.  
Hún er björt sólarlýs.

Ó, hún er ást, hrein og tær  
Hún er alvaldi kær.  
Eins og Guðsmóðir skær.

Og loks þegar móðirin lögð er í mold  
þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.  
Þú veist hver var skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.  
Það var íslenska konan sem ól þig og gaf þér sitt líf.

En sólin hún hnigur og sólin hún rís.  
Og sjá þér við hlið er þín hamingjudís,  
sem ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.

Það er íslenska konan,  
tákn trúar og vonar, sem ann þér og þér helgar sitt líf.

Texti: Ómar Ragnarsson - Lags: Billy Joel

## GUÐSPJALL

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn,  
því nú er nótt, og harla langt er heim.  
Ó, hjálpin mín,  
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,  
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú  
og hennar ljós?  
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú  
er burt mitt hrós.  
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,  
unz fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báru, brim og voðasker.  
Nú birtir senn.

Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

Lag: C. H. Purday / Ljóð: J. H. Newman / Matthías Jochumsson

## MINNINGARORÐ

### EINSÖNGUR

#### Liljan

Lag: erlent lag / Texti: Þorsteinn Gíslason

## MISKUNNARBÆN

Heyr mína bæn, mildasti blær.  
Berðu kveðju mína ' yfir höf.  
Syngdu honum saknaðarljóð.  
Vanga hans blítt vermir þú sól  
vörum mjúkum, kysstu hans brá.  
Ástarorð hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval  
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd.  
Blítt hún vaggar honum við barm,  
þar til svefninn sígur á brá.  
Draumheimi í dveljum við þá  
daga langa saman tvö ein.  
Heyr mínar bænir og þrár.  
Mario Panzeri - Ólafur Gaukur

## BÆN

### EINSÖNGUR

#### Í fjarlægð

Lag: Karl O. Runólfsson / Texti: Valdimar H. Hallstað

## FADIR VOR

Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga.  
Engið, fjöllin, áin þín,  
yndislega sveitin mín,  
heilla mig og heim til sín  
huga minn úr fjarlægð daga.  
Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga.

Fjalladrottning, móðir mín,  
mér svo kær og hjartabundin.  
Sæll ég bý við brjóstin þín,  
blessuð aldna fóstura mín.  
Hér á andinn ódul sín  
öll sem verða á jörðu fundin.  
Fjalladrottning, móðir mín,  
mér svo kær og hjartabundin.

Bjarni Þorsteinsson / Sigurður Jónsson frá Arnarvatni